



Nr.: GAT-115	Menntaskólinn í Kópavogi	
Útgáfa: 01		
Dags.: 13.02.2019	Áfangalýsing DANS2BA05	
Höfundur: GV		
Samþykkt: MF		
Síða 1 af 2		

Búið til – útg.	6. apríl 2021 – útgáfa 2
Námsgrein	Danska
Titill	Danska fyrir sjálfstæðan notanda - b
Skammstöfun	DANS2BA05
Viðfangsefni	Evrópski tungumálaramminn, framhald, stig b1
Staða áfanga	Samþykkt af skóla
Prep áfanga	2
Einingafjöldi áfanga	5
Lýsing áfanga	Lögð er áhersla á að nemendur geti skilið inntak sérhæfðra ritmáls- og talmálstexta sem þeir þekkja til eða hafa áhuga á. Nemendur eru þjálfaðir í að nota fjölbreyttan orðaforða og algeng orð og orðasambönd í ræðu og riti. Talþjálfun miðar að því að nemendur læri að orða hugsanir sínar skýrt og skilmerkilega í samtölum og frásögnum. Hver nemandi á að geta lagt til talað efni af tiltekinni lengd eftir markvissan undirbúning, bæði í formi munnlegs prófs og kynningar fyrir samnemendur, þar sem jafningjamati er beitt. Ritþjálfun fer að mestu fram með notkun tölvu. Nemendur eru þjálfaðir í að beita mismunandi stílbrögðum við ritun texta og geta skrifað 200-300 orð viðstöðulaust um efni sem búið er að vinna með. Nemendur eru hvattir til að hlusta á danskt talmál af ýmsu tagi á vefmiðlum. Nemendur lesa mikið af textum almenns eðlis og sérhæfðum textum um sjálfvalið efni. Einnig lesa nemendur a.m.k. eina skáldsögu eða nokkrar smásögur.
Forkröfur áfanga	DANS1AA05 eða einkunnin B, B+ eða A úr grunnskóla
Þekkingarviðmið	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: <ul style="list-style-type: none"> • grundvallaruppbyggingu dansks þjóðfélags • hvernig ólík viðhorf og gildi móta danska menningu • muninum á danskri og íslenskri menningu • hvernig hann flokkar og greinir orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins • hvernig hann miðlar þekkingu sinni munnlega og skriflega
Leikniviðmið	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

Nr.: GAT-115	Menntaskólinn í Kópavogi	
Útgáfa: 01		
Dags.: 13.02.2019		
Höfundur: GV		
Sampykkt: MF		
Síða 2 af 2	Áfangalýsing DANS2BA05	

	<ul style="list-style-type: none"> • greina mælt mál sem er talað tiltölulega hægt og skýrt á stöðluðum mállýskum • taka þátt í samræðum þar sem þekktur orðaforði kemur við sögu og geta beitt málfari við hæfi • lesa og greina milli ólíkra tegunda texta, t.d. smásagna, fréttu og auglýsinga. • tjá sig munnlega skýrt og hnökralaust um málefni sem hann hefur kynnt sér • skrifa margs konar texta, formlega og óformlega, og fylgja helstu rithefðum og reglum um málbeitingu
Hæfniviðmið	<p>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann aflað sér til að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • greina á milli ólíkra lestexta og hlustunarefnis og velja þannig úr efni sem hentar honum til frekari meðhöndlunar • geta tekið þátt, óundirbúinn, í samræðum um efni sem hann þekkir, hefur áhuga á, eða tengist daglegu lífi, og geta gert grein fyrir og haldið skoðunum sínum á lofti • geta tekið þátt í samræðum við dönskumælandi fólk af nokkru öryggi og án mikillar umhugsunar • geta skrifað skýra, nákvæma texta um ýmis efni sem tengjast áhugasviðum sínum, þar sem hugmyndaflug getur fengið að njóta sín • geta skrifað margs konar texta, s.s. ritgerð eða skýrslu, til að koma upplýsingum eða skoðunum á framfæri, og fylgt þeim ritunarhefðum sem eiga við í hverju tilviki • geta skrifað bréf og lagt áherslu á mikilvægi ýmissa atburða og reynslu
Námsmat	<p>Fjölbreytt námsmat endurspeglar markmið áfangans í öllum færniþáttum í samræmi við evrópsku tungumálamöppuna (ETM). Námsmat er í formi símats; munnlegra og skriflegra smærri og stærri verkefni sem dreifast jafnt yfir önnina. Þau byggja á kennara-, sjálfs- og jafningjamati og á virkni og verkefnaskilum nemenda, þar sem færniþættirnir lesskilningur, hlustun, tal og ritun, auk málfræði eru metnir.</p>